

Klausturbleikja ehf.
Klausturvegi 5
880 Kirkubæjarklaustur

Selfossi, 03. júní 2025
Tilvísun: 25051093

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Klausturbleikja ehf.	Kennitala: 6602901849
Heimilisfang Teygingalæk	Leyfisnr: FE-1220
Stöðvarstjóri: Jón Bergman Unnarsson	Dags.: 22.05.2025
Er stöðin í dreifingarbanni:	Já (BKD)
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða:	Nei
Viðstaddur eftirlit: Jón Bergman Unnarsson	Tegund eftirlit. Eftirfylgni
Eftirlitsmaður MAST: Wija Ariyani, Karl Steinar Óskarsson	Óboðað eftirlit: Já

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Óskarsson, deildastjóri fiskeldisdeild og Wija Ariyani, sérgreinadýralæknir fóru í eftirlit í Eldisstöðina á Teygingalæk þann 22. maí 2025. Viðstaddur eftirlit var Jón Bergmann Unnarsson.

Tilgangur eftirlitsins var að fara í eftirfylgni vegna alvarlegra frávika sem komu fram í eftirliti þann 27. ágúst 2024.

Eftirlit

Fylgst var með slátrun í eldisstöðinni sem hófst á milli kl. 7.50-8.30 fimmtudaginn 22. maí 2025. Fiska voru háfaðir úr eldiskeri og færðir yfir í venjulegt fiskikar sem búið var að fylla með hreinu vatni og ís. Fiskarnir voru aflifaðir með handvirkri aðferð þar sem höggáhald var notað til deyfingar og var blóðgun framkvæmd samstundis eftir það. Súrefni í karinu var mælt fyrir og á meðan slátrunin stóð yfir. Gætt var að því að tryggja nægilegt súrefni í vatninu til að gæta velferðar fiskanna fram að deyfingu.

Niðurstöður eftirlit:

- Aðferð og meðferð sláturfisks var í samræmi við viðurkenndar aðferðir varðandi dýravelferð. Súrefnismagn og vatnsmagn í körum var tryggt og þéttleiki fisks var innan ásættanlegra marka. Svipting meðvitundar fór fram með viðurkenndum hætti fyrir blóðgun. Þó má nefna að nokkrir starfsmenn þarfnast frekari þjálfunar til að tryggja samræmda framkvæmd við alla þætti slátrunar. [Lagfært.](#)
- Enga sveimara að sjá í körum og sláturkörum
- Frágangur dauðra fiska var ófullnægjandi– **Frávik**



- Þjálfunarskrá starfsmanna er til staðar– [Lagfært.](#)

Krafa um úrbætur:

Við meðhöndlun á sýktum eða sjálf dauðum eldisdýrum, skal þeim safnað saman með sérstökum búnað og á sérstakan stað og fargað á viðurkenndan hátt. Öll áhöld sem notuð voru skulu þvegin og sótthreinsuð eftir hverja notkun. Vísað er í 15.gr um heilbrigði og forvarnir í reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.** Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi
-

Virðingarfyllst,

f.h. Matvælastofnunar



NI NYOMAN vvija Ariyani, sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma